

Stjórn málin og hin innri fræðsla

Ein hin örðugasta námsgrein mannanna, einkum þeirra, sem fást við stjórn málin, er að ná réttum tókum á hinum almennu stjórn málavíðfangsefnum. Er það að vonum, því menn hafa gleymt því, sem er önnur veigamesta uppistaða tilverunnar – andanum. Menn virðast lifa einvörðungu í efninu og gera ráð fyrir því, en sleppa hinu innra og æðra þess vegna halda menn að skipulagningin ein og út af fyrir sig geti leyst öll vandamál. En þegar svo á að fara að fást við skipulagninguna og móta hana, þá koma í ljós veilurnar, glompurnar, sem óhjálpslega hlutu að vera í framkvæmdum skipulagningarinnar. Það hafði verið hlaupið fram hjá andanum, allsherjarlífinu, bæði í manningum og alverunni. Skipulagið eitt og út af fyrir sig dugði ekki og því fór allt út um þúfur. Góð hugmynd leið skipbrot vegna skammsýni manna, vegna þess að framkvæmd hennar var eigi miðuð við þroskaástand það, sem menn nú standa á og þeir, sem þekktu hugsjónina og voru hennar sönnu fylgismenn, höfðu eigi framkvæmdina á hendi; þeir, sem við henni tóku til framkvæmda, voru henni ekki vaxnir. Þeir fóru illa með hana og framkvæmdin skapaði ótrú á aðal víðfangsefninu og menn hlupu frá því í rústum og fóru í gagnstæða átt, því að þeir sáu aldrei nema hið ytra - formið - gerfið - en komust aldrei í námunda við hið eilífa innihald allra hluta - andann. Og gott mál beið ósigur um ófyrirsjáanlegan tíma.

Hin innri fræðsla

Til þess að unnt sé að leysa með góðum árangri hin örðugu verkefni stjórn mála verða menn að hafa í huga, að án andans verða allar framkvæmdir dautt og innantómt skurn. Þeir, sem fást við stjórn málin, verða að leita aðstoðar andans og hins innra og andlega lífs, ef nokkurt vit á að verða í framkvæmdum. Og til þess að þetta sé unnt, verða menn að leita hinnar innri fræðslu.

Hin innri fræðsla hefur alltaf verið til og er opin öllum þeim, sem vilja hlusta.

Allt nám byrjar á munnlegri fræðslu, barninu er sagt og sýnt. Þá fer nemandinn sjálfur að athuga. Svo kemur bókleg fræðsla og hún er venjulegast síðasta skrefið og henni fylgja alls konar rannsóknir og uppgötvanir í ýmis konar vísindum og listum. Þá kemur hin dulræna fræðsla. Byrjar hún oft og tíðum á bókum og umsögnum þeirra, sem lengra eru komnir. Að lokum þrýtur þessi fræðsla og þá er sú síðasta eftir og má með sanni segja, að hún sé sú eina innri fræðsla, sem nokkurs virði er. Er hún eingöngu persónuleg, þannig, að nemandinn hefur náð því stigi að verða hæfur til þess að meðtaka hana. Hún er í því fólgin, sem nefna mætti: Frá munn til eyra. Er hún heyrnleg þeim einum, sem á að meðtaka hana. Fer hún í raun réttir aldrei fram í þessum heimi. Því gerir það ekkert til þó að jarðneskar vegalengdir séu miklar á milli fræðara og nemanda, því slíkt er enginn farartálmi. Það gildir einu þó að fræðarinn dvelji austur á Indlandi, en nemandinn norður á Íslandi; sambandið þeirra á milli er jafn öruggt fyrir því. Nemandinn heyrir þegar fræðarinn talar. En fræðslan er venjulega ekki löng. Hún er oftast nær ekki nema eitt eða tvö orð og nemandinn látinn skynja um leið það sem skýrt er frá með æðri skynjun. Á þann hátt getur eitt einasta augnablik veitt meiri og fullkonnari fræðslu en allar bókmenntir veraldarinnar samanlagðar. Þær hafa sem sé engin tók á að lýsa þeim víðhorfum, sem skynjaðar eru undir slíkum kringumstæðum. Eina ráðið til þess að nálgast það best, er lýsa skal slíku, er að segja frá fyrirbrigðinu í gagnstæðum (paradoxum). Lengra verður ekki komist og þó er veruleikinn alls ekki sagður til fulls, því við höfum hér í heimi ekkert til þess að miða við.

Aðalinntak hinnar innri fræðslu er fyrst og fremst það, að láta nemandann skynja það, að lífið er eilíft og að tilveran sé ein órjúfanleg samvinnandi heild og að hún sé í innsta eðli sínu andleg og henni sé stjórn að af andlegum vitsmunum.

Á þessum grundvallaratriðum verðum við að byggja frekari athuganir, ef við eigum að vonast eftir sémilegri úrlausn vandamála.

Þrenningin

Ég verð áður en lengra er haldið, aðeins stuttlega að minnast á aðaluppistöðu allrar birtrar tilveru á öllum tilverustigum hennar, sem sé það, að alls staðar birtast hinar miklu hliðar guðdómsfyllingarinnar, sem í kristnum fræðum eru nefndar faðir, sonur og heilagur andi. Faðirinn er viljinn, valdið til þess að framkvæma. Sonurinn er þekkingin, víska til þess að skapa, fræða og leiðbeina þeim, sem eru þátttakendur í þróuninni, heilagur andi, framkvæmdin, starfsorkan og að lokum eyðarinn, þegar hin ytri gervi fullnægja eigi lengur ætlunarverki sínu, þá sundrast þau, til þess að efni það, sem þau voru samsett úr, fái tækifæri til þess að sameinast aðalefnishafi náttúrunnar um stund og sameinast á ný til þess að mynda nýja líkami og ný lífsgerfi fyrir andann til þess að halda áfram þróun sinni. Vegna breytingarinnar verða hin nýju gervi fullkomnari en þau sem áður voru. Í þessu liggja möguleikar til áframhaldandi vaxtar og þroska.

En þessir þrjú eðlisþættir guðdóms samsvara einnig og birtast í lífi manna sem: Framsókn, jafnvægi og íhald - rajas, sattva. tamás - eins og þeir eru nefndir í indverskum fræðum.

Þrjár meginstefnur

Í stjórn máluðum hljóta því að birtast þrjár meginstefnur, sem eru árangur af og standa í nánú sambandi við þessa þrjú meginþætti tilveru, er ég gat um hér að framan. Birtast þær einmitt sem framsókn, jafnvægi og íhald. Mönnum er í raun réttir eigi unnt að birta þessar hliðar tilverunnar jafnhreinar og fagar og hún birtir þær; þess er alls eigi að vænta. Gætu menn það, þá hefðu þeir eigi meira að læra á þroskabraut sinni sem stjórn málamenn. Því verður birting þessara eðlisþátta oftast eigi nema svipur hjá sjón, því að „ógurleg er andans leið upp á sigurhæðir.“

Svo birtast ýmsar aukastefnur, en þær eru venjulega aukagreinar á einhverri hinna eða nátengdar þeim. Einnig ber það og við að þær eru á ystu mörkum öðru hvorum megin framsóknar eða íhalds. Því ber það iðulega við, að menn hlaupa frá þessum ystu virkjum stjórn mála til hinna, en skeyta ekki um millistigin, því þeir sjá þau eigi eða eru ekki komnir á það stig, að þeir geti fellt sig við þau. Þeir virðast eiga enn þá heima í löngu liðinni fortíð stjórn mála legrar viðleitni.

Nú virðist svo langt komið þróun stjórn mála, að óþarfi er að fást við þessar síðast nefndu stefnur, því þær virðast brátt úr sögunni, einkum meðal vestrænna þjóða. Líklegt er að styrjöld sú, sem nú geisar, muni þurrka þær út að öllu leyti.

Meðferð stjórn mála

Það er undantekning að þeir stjórn málamenn finnist enn, sem lifa fyrir stjórn málin og því eru vandkvæðin ætíð á ferðinni. Séu stjórn málaflokkar ekki beinlínis notaðir til fjárhagslegs framdráttar einstöku mönnum eða fyrirtækjum, þá er það virðingargirni leiðtoganna, sem hlúð er að á kostnað annarra. Mönnum eru veittar stöður vegna þess að þeir eru smalamenn eða trúir þjónar aðalstjórn mála leiðtoganna og svo langt hefur verið gengið, að jafnvel stór fyrirtæki hafa verið sett á stofn, þar sem aðaldriffjöðrin var fjárhagsöflun eins eða tveggja manna látin sitja í fyrirrúmi fyrir framkvæmdum og ákvörðunum og þeir, sem áttu að njóta árangursins af rekstrinum, urðu að greiða allt miklu hærra verði en ella, ef hagur almennings hefði einvörðungu verið látinn sitja í fyrirrúmi. Og afleiðingin var aukin dýrtíð og þyngri álögur vegna óvandaðrar meðferðar á valdi því er pólitískir spákaupmenn höfðu fengið í hendur.

Þegar í þessa átt hefur verið haldið um stundarsakir, rekast hagsmunir sumra stjórn mála-flokkanna á og upp úr því vaxa að lokum ekki eingöngu ákveðnar hagsmunadeilur milli flokka, heldur innan flokkanna sjálfra, sem leiða loks til klofninga, sem valda deilum og öngþveiti, sem verður undirrót þess ástands, sem við höfum nú hér í landi, að örðugt virðist að mynda þingræðisstjórn.

Tvær stefnur

Í raun réttir eru ekki til enn svo teljandi sé nema tvær stefnur í stjórn málum, sem sé framsókn og íhald, sem byggist á eðlisþáttunum tveim, sem getið er um hér að framan - rajas og tamás. Menn hlaupa því í raun og veru á milli þessara tveggja stefna, aðhyllast þær eftir því hvorri gengur betur í það og það sinnið. (Ég vil taka það fram til þess að forðast misskilning, að hér er ekki átt við flokka þá, í íslenskum stjórn málum, sem oft eru nefndir þessum nöfnum. Í öllum flokkum eru menn, sem teljast stefnum þeim, er ég tala um í þessu sambandi. Ég á við eðli manna en ekki flokkaheiti).

Jafnvægisflokkurinn, sattva, birtist smátt og smátt og á óralöngum tíma sem árangur af reynslu þeirri, sem starfsemi hinna tveggja framleiðir. Grunntónn þessa flokks er viskan, sem er árangur þessarar reynslu. Og þessi flokkur verður að lokum stærsti flokkurinn. En þá hafa menn fyrst lært að byggja upp fullkomið stjórnarfar, sem er í fullu samræmi við þessa hlið guðdómsins. Að þessu marki stefnir öll þróun stjórn mála. Mennirnir verða að komast í samræmi við þessa stefnu fyrr eða síðar. Þá, en ekki fyrr, er stjórn málaætlunarverki þeirra lokið.

Hvernig má það verða?

Náttúran vinnur í samræmi við framanskráða aðferð og lýkur verki sínu á ákveðnum tíma og án þess að framtak manna láti nokkuð verulega á sér bera. En mennirnir geta einnig flýtt fyrir og aðstoðað náttúruna í starfi hennar og á þann hátt gert henni mögulegt að komast að markinu fyrr en ella. Og það er einmitt þetta, sem hér kemur til greina. Og það er í raun og veru einfalt mál, hvernig að skuli fara. Hitt er aftur annað mál, hvort menn vilja gera það, sem gera þarf til þess að koma verkinu í greiða framkvæmd. En ekkert fæst án fyrirhafnar, því verða menn að leggja eitthvað á sig, verða að fórna einhverju af ímynduðum þægindum. Þeir verða að breyta lífsviðhorfum sínum. Það dugir ekki að hrifsa og ræna. Menn verða að þjóna og gefa, ef eitthvað á að vinnast á.

Þetta gerir náttúran. Hún þjónar og gefur án afláts. Það er eðli hennar og ef menn reyna að komast í samræmi og samvinnu við þetta eðli náttúrunnar, þá leysast viðfangsefnin fyrr eða síðar. Náttúrulögmálin sjá um það. En fari menn skakkt að, feti öfuga leið, leið þvingana, rána og ofbeldis, sjá náttúruöflin einnig um það, að uppskeran verði nákvæmlega í hlutfalli við aðstöðu og aðgerðir þeirra, sem svo fara að.

Réttlætið

Fyrsta skrefið á leið hinna stjórn málaugu viðfangsefna er rík réttlætiskennnd. Og hún má ekki miðast við eiginhagsmuni, hvorki einstaklinga né sveitarfélaga, heldur við heill og afstöðu heildarinnar. Þegar heildinni vegnar vel, bera allir ríkuleg laun úr býtum. Þegar ágirndin er undirrót og driffjöður framkvæmdanna, er réttlætinu misþyrmt og óeirðir og byltingar fara í kjölfarið. Og hin hagsmunalega og stjórn málauga framsókn fer út á ystu annes ófarnaðar og vandræða, en beinist ekki að jafnvægi, þekkingu og visku, sem er miðdepillinn á milli þessara ystu annesja framsóknar og íhalds. Réttlætið er því sá mælikvarði, sem fyrst og fremst verður að leggja á allar stjórn málaaðgerðir, ef vel á að fara, og ef menn vilja halda áfram í rétta átt, það er ná réttum og verulegum tókum á viðfangsefnunum. Hin gullvæga regla réttlætisins er best sögð í þessari setningu: „Það, sem þér viljið að mennirnir geri yður, það skuluð þér og þeim gera.“ Og til frekari skilningsauka má snúa henni við og segja: „Það, sem þér viljið að mennirnir ekki geri yður, það skuluð þér ekki þeim gera.“

Þetta var fyrsti áfanginn á leið hinnar stjórn málaugu starfsemi.

Þjónustan

Annað skrefið á þróunarleið stjórn málauga er þjónustan. Þegar stjórn málamaðurinn hefur náð því stigi að láta réttlætishugsjónina vera uppistöðu og driffjöður athafna sinna án tillits til persónulegs kunningskappar, velvildar og einstaklingshagsmuna, þá er hann kominn að öðru stiginu í viðleitni sinni, sem sé þjónustunni. Þá vinnur hann öll verk sín án tillits til eiginhagsmuna og án umhugsunar um hagnaðarvon. Hann vinnur og starfar eingöngu með hag heildarinnar fyrir augum. Hann spyr ekki fyrst og fremst um það, hvort opinber fyrirtæki, sem starfrækt eru, veiti þessum eða hinum pólitískum flokki, vildarmanni eða honum sjálfum, vissa hagnaðarvon. Hann lítur einungis á það hvort fyrirtækið gefi heildinni arð, hve mikil blessun sé afleiðing af starfsemi þess og rekstri. Hann lætur jafnvel fé og vinnu frá sjálfum sér, ef hann er þess megnugur, til þess að fyrirtækið sé tryggt. Dæmi þessa er til hér í landi, en það mun einstæð fyrirmynd.

Fórinn

Síðasta og stærsta skrefið á þróunarbraut stjórn málauga er fórnin. Er það að vonum, því hún er síðasta skrefið á öllum leiðum.

Þegar stjórn málamaðurinn hefur að lokum skilið það, að hann á að lifa til þess að vera stjórn málamaður, en ekki að vera stjórn málamaður til þess að lifa, þá fyrst fer hann einungis að gera það sem rétt er og gott án tillits til þess hvort hann eða skjólstæðingar hans hafa fyrst og fremst gagn af ákvörðunum. Þá er hagar heildarinnar honum fyrir öllu. Og þá hefur hann fyrst komist í samræmi við hina andlegu uppistöðu tilverunnar og er orðinn hennar sannur og útvalinn þjónn. Og þá er engin hætta á eftirköstum, því náttúrulögmálin sjá um afleiðingarnar - hin rétta laun. Því að hagar heildarinnar er hagar einstaklingsins - allra einstaklinga.

Sá, sem er farinn að fórna fjármunum, hæfileikum, þekkingu og vinnu í þarfir heildarinnar og eingöngu með hag hennar fyrir augum, er kominn í samræmi við grundvallarlögmál tilverunnar, sem er fórn, og á þeirri leið einni leysast öll vandamál manna. Þegar einstaklingurinn fórnar sér fyrir heildina, í stað þess að nú er heildinni fórnað fyrir einstaklinginn, eru öll vandkvæði manna úr sögunni.

Að leita andans

Í framanskráðum línum hef ég gert tilraun til þess í stuttum dráttum að benda á kröfurnar er gera verður til þess að unnt sé að leysa stjórn málaörðugleikana frá sjónarmiði hinna innri fræða.

Stjórn málastarfsemin er svo öflugur liður í þróuninni, að hann getur ekki orðið undanskilinn þegar um mannlegar þroskaleiðir er að ræða. Er stjórn málastarfsemin ein af leiðum þeim, sem lífið fer til fullkomnunar. Þess vegna verða menn að læra að meðhöndla stjórn málin frá sjónarmiði hins innra og æðra og fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru á þeirri leið eins og öðrum leiðum þróunarinnar, t. d. á leið trúarbragðanna. Stjórn málamaðurinn á einnig að verða fullkominn maður, meistari, djúpvitringur, adept.

Og í framanskráðum línum hef ég gert tilraun til þess að lýsa helstu kröfunum, sem fullnægja ber á þeirri leið. En kröfur þessar eru um leið heppilegt og sjálfsagt viðhorf frá almennu sjónarmiði og eiga alltaf við á öllum tímum. Þær eru því ætíð nothæfar og jafnsjálfsagt að þeim sé fullnægt.

Stjórn málamaðurinn verður að skilja það, ekki síður en þeir, sem aðrar leiðir feta, að lífið er eilíft og að andinn er uppistaða og frumorsök lífsins og tilverunnar. Og hafi hann skilið það í raun og veru, þá er engin hætta á því að hann fari villur vegar í athöfnum sínum, því þá lifir hann samkvæmt boði heilagrar ritningar sem segir: „Leitið fyrst guðs ríkis og hans réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.“

Jón Árnason, prentari.